Hugleiðingar um barnamatarofnæmi

Sú ráðlegging að gefa ekki ungbörnum hnetur af ótta við ofnæmisviðbrögð, gæti átt þátt í að auka ofnæmistíðni, að mati sérfræðings.
Gideon Lack prófessor, sérfræðingur við Kings College í London í ofnæmi ungbarna, telur að sífellt fleira gefi til kynna að foreldrar ættu að gefa börnum sínum hnetur frá unga aldri til að verja þau fyrir ofnæmi.
Sama gæti gilt um aðra fæðu sem getur verið ofnæmisvaldandi, þar á meðal fisk og egg.
Prófessorinn hefur sett fram nýjar kenningar um þróun ofnæmis í ungbörnum og ganga þær þvert á fullyrðingar heilbrigðisyfirvalda og Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar, þar sem fullyrt er að börn ættu að forðast hnetur fram að þriggja ára aldri.
Breska matvælaeftirlitið hefur hafið skoðun á gögnunum til að ákvarða hvort breyttra ráða sé þörf.
Lack prófessor stjórnar fyrstu klínísku rannsókninni á því hvort hnetuát á fyrsta ári geti varið börn fyrir ofnæmi, en hann tók fram að enn væri of snemmt að fvita hvort breyta skyldi opinberum heilbrigðisráðleggingum.

Mikið af kökum og kexi inniheldur hnetur.

Hnetuofnæmi hefur þrefaldast

Lack prófessur segir: „Hnetuofnæmi í enskumælandi löndum hefur næstum þrefaldast á undanförnum 15 árum og kemur fram í einu af hverjum 50 grunnskólabörnum. Í hefðbundnum samfélögum í Afríku og Asíu kemur það ekki fram í börnum í sama mæli. Í þessum samfélögum mega börn borða hnetur frá unga aldri. Tilgátan er að með því að borða hnetur á fyrsta aldursári, komi börn sér upp þoli gagnvart slíkri fæðu.
Innyflin eru þakin ónæmisvef sem hjálpar líkamanum að þekkja vinsamleg prótín eins og þau sem koma úr mat. Án þessa vefs myndi líkaminn hafna öllu sem maður borðar. Ónæmiskerfið lærir snemma á lífsleiðinni að prótín úr mat eru meinlaus og skaðlaus efni. Regluleg váhrif í heilbrigðu barni snemma á lífsleiðinni geta hjálpað ónæmiskerfinu að greina á milli vina og óvina."

Lack prófessor mun lýsa starfi sínu við opnun rannsóknarstofa við Kings College á morgun.
Hann telur að börnum sem hafa ekki borðað hnetur gæti verið hættara við ofnæmisviðbrögðum þegar þær komast í snertingu við hörund þeirra, einkum ef börnin hafa húðsjúkdóma.
Hann hefur nú lokið 2 árum af fimm ára rannsókn á 650 börnum sem þjást af útbrotum sem vitað er að auki líkur á ofnæmi. Lack prófessor hefur beðið helming foreldra barnanna að gefa börnunum hnetur, meðan þau eru á brjósti, á aldrinum 4 – 11 mánaða.
Hinn helmingurinn hefur verið beðinn um að gefa börnum sínum ekki hnetur. Þegar börnin vaxa úr grasi verða blóðsýni tekin reglulega til að fylgjast með þróun ónæmiskerfis þeirra. Við fimm ára aldur gangast þau undir ofnæmispróf.
Breska matvælaeftirlitið upplýsti að sérfræðingar í eiturefnanefndinni hefðu verið beðnir að endurskoða núverandi ráðgjöf, útgefna 1998, um snemmáhrif hneta og annarra ofnæmisvaka. Hann sagði að þangað til ættu foreldrar að halda sig við núverandi ráðgjöf.

Þegar líkaminn berst á móti

Orsakir ofnæmis eru truflun á ónæmisviðbrögðum við efnum sem nefnast ofnæmisvakar.
Ofnæmisvakar innihalda prótínmól sem ónæmiskerfið greinir og fá það til að svara með varnarbólguviðbrögðum, sem leiðir til algengra einkenna eins og útbrot, bólgur, öndunarerfiðleikar, augnrennsli og nefrennsli.
Með því að kenna ónæmiskerfinu að þola ýmsa ofnæmisvaka frá unga aldri, er einnig hægt að draga úr öðru algengu matarofnæmi eins og fyrir fiski, eggjum og hveiti.
Vísindamenn vona að þeir geti þróað meðferð til að draga úr algengi ofnæma fyrir rykmaurum, frjókornum, köttum, hundum og skordýrum með því koma í veg fyrir að börn með útbrot komist í snertingu við prótínleifar af þessum uppruna.